

Umsögn við þingsályktunartillögu um húsnæði Listaháskóla Íslands

143. mál, þingsályktunartillaga

Sem nemandi við sviðslistadeild Listaháskóla Íslands styð ég heilshugar lausnaleit að húsnæðisvanda skólans.

Nám í Listaháskóla Íslands er ákaflega metnaðarfullt, kennarar eru í hæsta gæðaflokki, líflegar umræður þróast kringum verkefni og samtöl milli nemenda og kennara eru uppbyggjandi. Námið krefst mikillar viðveru í skólanum og þess vegna er sorglegt að húsnæði skólans standi hvorki undir væntingum nemenda né starfsfólks. Húsnæðið er illa hljóðeinangrað þannig að æfingar tónlistarnema trufla viðkvæmar sýningar sviðslistanema og öfugt. Salir eru óhentugir til uppsetninga, sem dæmi eru súlur á miðjum gólfum sem þarf alltaf að hugsa kringum en það er ekki sambærilegt við leikhús og sali sem við munum þurfa að notast við í framtíðinni. Það er ekki bókasafn í húsinu og eina fræðistofa sviðslistanema er ílangt ris sem lyktar af skolpi þegar illa viðrar (Ath: þetta er dagsatt).

Dreifing húsnæðis er ekki einungis óhagstæð heldur kemur hún mikið niður á náminu mínu. Nám á sviðshöfundabraut byggir að langstærstum hluta upp á samvinnu milli listamanna og því liggur beint við að eiga samstarf við nemendur annarra brauta skólans, til dæmis myndlistanema. Þeir eru hinsvegar staðsettir í Laugarnesi sem veldur því að samstarfið er einfaldlega ekkert og samtalið okkar á milli dautt. Við hittumst ekki á göngunum og þekkjumst ekki í sjón.

Sameining brautanna í alvöru húsnæði er því grunnforsenda þess að hægt sé að reka almennilegt sviðshöfundanám hér á Íslandi. Áður en það er gert verður námið alltaf annars flokks sem er óviðunandi gagnvart öllu því frábæra starfi og gífurlega metnaði sem starfsfólk og nemendur skólans leggja í námið.

Það er ákaflega mikilvægt að þið finnið sem skjótast lausn á þessum ópolandi húsnæðisvanda Listaháskóla Íslands.

Virðingarfyllst,

Birnir Jón Sigurðsson, nemi á sviðshöfundabraut.